



Félag lóðareigenda Berjamóa

Skýrsla stjórnar Berjamóa fyrir árið 2015

Aðalfundur haldinn að Minniborgum 5. júní 2016

Samkvæmt samþykktum aðalfundar 16. maí 2015 var ráðist í lagfæringar á veginum innan lands Berjamóa, var verktakinn Ólafur Jónsson á Svínavatni fenginn til að bera í hluta vegarins eða frá brekku langleiðina að sænska húsinu. Vegurinn var hækkaður verulega og er frekar gljúpur meðan umferðin þjappar hann, áætlað er að vegurinn verði heflaður í sumar. Ekki var sett ræsi undir veginn eins og ráðgert var því eftir nánari skoðun voru efasemdir um að það myndi gagnast, en ákveðið að menn myndu fylgjast með framvindu mála.

Sumarhátíð var haldinn í júlí, byrjað var á að gróðursetja aspir við girðingu á sameiginlega svæðinu eins og ákveðið var á síðasta aðalfundi. Að venju var sameiginleg máltíð að aflokinni gróðursetningu og voru grillaðir hamborgarar nú í ágætis veðri og borðað á veröndinni í bústað no. 7 hjá Guðmundi og Sirrý sem og á síðsta ári. Almenn ánægja var með hátíðina en við hefðum viljað sjá fleiri landeigendur því þetta er frábær vetvangur fyrir fólk til að kynnast og bera saman bækur um hin ýmsu málefni.

Fh. Stjórnar

Guðmundur Ásgeir Eiríksson